Eftir að við Jón Krabbe höfðum borið okkur saman, kom okkur saman um, að rjett mundi vera að jeg sækta fund þenna fyrir Íslands hönd, af ýmsum ástæðum. Þetta tilkynti jeg yður, herra forsætisráðherra, í símkkeyti dags. 27. febr. þ.á. Með símskeyti dags. 5. mars þ.á. beiddi jeg um að fá fyrirlag um, ef eitthvað væri sjerstakt, sem óskad væri að jeg hjeldi fram eða bæri fram af Íslands hálfu. Þar sem jeg fíjekk ekki slíkt fyrirlag, varð jeg að fara eftir því, sem mjer þótti sannast og rjettast og taldi sennilegt að vera mundi í samræmi við óskir manna eða vilja á Íslandi.

Fór jeg svo strax, eftir því sem tími vanst til, að búa mig undir fundinn með því að lesa þau all-umfangsmiklu plögg, sem útbúin höfðu verið til undirbúnings fundinum og jeg gat náð til. Var það allmikið verk.

10. mars fíjekk jeg fyrirlag yðar um að fara til Lunduna til samninga við Hambros banka í sambandi við "Útvegsbanka Íslands". Jeg athugaði sem best hvernig takast mætti á heppilegastan hátt að sameina þetta tvent, fundinn í Haag og Lúndúnaförina. Komst að þeirri niðurstöðu, að rjettast mundi að fara til Lundúna um Haag (er það enginn krókur), vera við fundsetningu í Haag og halda svo áfram til Lundúna. Ef jeg hefði eigi verið við fundarsetninguna hefði jeg orðið að biðja einhvern fulltrúa annara þjóða, og þá væntanlega full-

trúa Dana, að koma þar fram fyrir Íslands hönd. Hefði slíkt verið óheppilegt og orðið til að draga úr því að festa í hugum manna að vjer værum fullvalda ríki, auk annara þá ástæðna. Fór jeg svo hjeðan að kvöldi þess 11. f.m. kom til Haag að kvöldi þess 12. f.m. Var jeg við fundarsetningu 13. f.m. árdegis og notaði þann dag að öðru leyti til að átta mig á ýmsu um fundinn á staðnum. Fór svo til Lundúna um kvöldið, kom þar 14. f.m. að morgni og var þar, uns jeg hafði lokkið erindum mínum 22. f.m. að kvöldi; fór þá strax aftur til Haag, kom þangað 23. f.m. að morgni og sat þar það, sem eftir var þar til fundinum var slitið, 12. þ.m. að kvöldi. Fór svo strax daginn eftir hingað, kom hingað 14. þ.m.

Um Lundúnarferrðina hefi jeg sent fjármálaráðherra skýrslu frá Haag. Skal jeg nú gefa skýrslu um Haagfundinn.

Fundur þessi var nefndur fyrsti fundur til þess að koma í kerfi alþjóðdalögjöf.

Þar sem aðdragandi fundarins og forsaga er yður áður kunn, þarf ~~þe~~ eigi að fara nákvæmlega út í það. Skal aðeins stikla á nokkrum steinum til yfirlits.

Við undirbúning máls þessa af hálfu þjóðabandalagsins, sem hófst með samþykt þjóðabandalagsins 22. sept. 1924, höfðu verið athuguð alls 19 viðfangsefni, sem líklega gætu verið til þess að fá gerða svo víðtæka alþjóðasamninga um, að orðið gæti úr alþjóðdalögjöf á þeim sviðum. Var niðurstöðan sú að aðeins 3 þessara viðfangsefna væru talin hæf til slíkrar tilraunar um alþjóðdalögjöf. Þessi viðfangsefni voru: 1. Ríkisborgararjettur (nationality). 2. Landhelgi (territorial waters). 3. Skaðabótaskylda ríkja fyrir tjón sem er-lendir einstaklingar eða eignir erlendra yðru fyrir innan landamára ríkisins (Responsibility of States for damage caused in their territory to the person or property of foreigners). Ástæðan til þess að þessi 3 viðfangsefni voru valin úr var sú, að þau voru talin hafa raungæfa (praktiska) þýðingu og talin sjerstaklega hæf til þess að gera alþjóðasamninga um. Nánarar yfirlit um undirbúninginn er í næðu

førseta fundarins á fyrsta fundinum 13. mars (samanaðer hjáltagða bráðabirgðaskýrslu á ensku fylgiskjal 1, bls. 8 og áfram.)

Mjer þykir rjett að geta þess, að eitt af þeim viðfangsefnum, sem athuguð höfðu verið sjerstaklega við undirbúnинг fundarins var friðun fiskjar og annara sjávardýra í höfunum. Þótti ótímað bært að fást við það viðfangsefni og lá það því ekki ^{þykir} fundinum.

Undirbúningsnefndin hafði svo gert yfirlit yfir afstöðu stjórnna ýmsra landa til greindra 3 viðfangsefna, sem fram hafði komið í svörum frá ríkisstjórnunum við fyrirspurnum undirbúningsnefndarinnar paraðlútandi. (Íslenska stjórnin hafði ekki svarað neinum þessara fyrirspurna). Voru yfirlit þessi prentuð í þrem órinum bókum, sinni bók fyrir hvert viðfangsefnanna. Með stuðningum í þessum svörum hafði undirbúningsnefndin svo gert tillögur um frumvörp til alpjóðasamninga um greind atriði. Eru tillögur þessar (bases of discussion) einnig í greindum 3 bókum, sem þjer fenguð á sínum tíma, senduð mjer og endursendust hjer með samkvæmt ósk yðar. Það voru þessi frumvörp að samningum (eða samningsgrænum) sem voru undirstöður að umræðunum um samningsgerðir á fundinum í Haag.

Auk þessa höfðu stjórnir ýmsra landa og ýmsar stofnanir haft margskonar viðbúnað á undan fundinum, vísindamenn skrifð heilar bækur um viðfangsefnin í tilefni af fundinum o.s.frv. Ein af þessum bókum sendist hjer með, "The territorial sea" eftir Antonio Sánchez de Bustamente y Sirven, fylgiskjal 2. 47 ríki sendu fulltrúa á fundinn. Flest höfðu 3 fulltrúa, einn fyrir hvert viðfangsefni og næð að auki ýmsa frædimenn og sjerfræðinga til aðstoðar.

Jeg var einn fulltrúi Íslands. Var mjer gljótt ljóst að ef fundarsókn mínn ætti að koma að gagni yrði jeg að marka mjer svíð um störf mínn, með því að jeg mundi ekki komast yfir að sinna verulega öllum viðfangsefnunum. Valdi jeg mjer landhelgina að aðalviðfangefni og einbeitti störfum mínum á fundinum mest að því efri.

Fyrsta funiardaginn voru skipaðar 3 nefndir, sín um hvort

viðfangsefna. Var jeg talinn kþórinna í allar 3 nefndir en sótti nær eingöngu fundi landhelgisnefndazinnar.

Þar sem jeg eins og fyr segir, varð að fara til Lundúna strax fyrsta fundardaginn gat jeg ekki tekið þátt í störfunum fyrrstu 1 1/2 vikuna. Þegar jeg kom aftur frá Lundúnunum tók jeg strax til starfa í nefndinni um landhelgina. Höfðu þá stadið almennar umræður um málið í nokkra daga og var nú ráðið að skipa 3 undirnefndir: 1. nefnd um löfræðisatriði, 2. nefnd um praktisk atriði, 3. ritstjórnarnefnd 3 mánaða. Vegna fjarveru minnar hafði mjer ekki verið atlað sáti í neinni nefndanna. Þegar jeg kom fjekk jeg því framkomið, að mjer væri bætt við í 2. nefndina (um praktisk atriði). Hjeldu svo nefndinnar hver fyrir sig og stundum 1. og 2. nefnd saman fundi daglega, stundum margar ólli á dag. Var í rauninni ærið nóg að starfa flesta dagana.

Það hafði komið fljótt í ljós við umræðurnar, að skoðanirnar voru all-skiftar um grundvallaratriði um landneigina, p.e. breidd landhelgisbeltisins. - Það sem deildi á um var, hvort ákveða bæri breiddina 3,4 eða 6 enskar mílur. Virtist svo sem Bretar og flest stórveldanna, bresku krónríkin og nokkur smáriði vildu ákveða breiddina 3 mílur. Norðurlöndin, nema Danmörk, 4 mílur og Suður-Europulöndin ásamt Suður-Ameríkulöndunum 6 mílur. Eftir margra daga umræður um ýms atriði þ.a.m. breidd landhelginnar, kom fram krafð á fundi aðalnefndarinnar 3. apríl um að gengið væri til atkvæða, til þráðabirgða og óbindandi, um hverjir aðhyltust hverja breiddarákvörðun um sig, svo yfirlit fengist yfir afstöðuna. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar varð pessi.

Atkvæði greiddu:

<u>Með 3 mílum.</u>	<u>Með 4. mílum.</u>	<u>Með 6. mílum.</u>
1. Suður-Afrika.	1. Finnland.	1. Chili.
2. Þýskaland.	2. Ísland.	2. Colombia
3. Bandaríki Norður-Ameríku.	3. Noregur.	3. Spánn.
4. Belgía.	4. Svíþjóð.	4. Ítalía
5. Stórabretland.		5. Letland.
6. Canada.		6. Persaland.
7. Kína.		7. Portugal.

- | | |
|------------------------------|-----------------|
| 8. Dānmörk (skilyrðabundið). | 8. Rúmenía. |
| 9. Egyptaland. | 9. Tyrkland. |
| 10. Eistland. | 10. Uruguay. |
| 11. Frakkland. | 11. Jugoslavia. |
| 12. Grikkland. | 12. Brasilía. |
| 13. Indland. | |
| 14. Írska fríríkið. | |
| 15. Japan. | |
| 16. Helland. | |
| 17. Pólland. | |

Knýttu ýms löndin athugasemdir við.

Jeg kvaðst geta fallist á til ~~baðabingða~~ 4 mílur, sú breidd hefði vissan sögulegan rjett á Íslandi, og vori framfylgt þar enn í ýmsum lögum, þótt vjer sem stóði vegna samninga við Bretland værum um fiskveiðar bundnir við 3 mílur. En jeg batti því vāð, að margir á Íslandi mundu vilja óska 6 mílna breidðar og 4 mílur fullnægðu oss því aðeins að jafnframt yrði samkomulag um friðun á viðsum fiskveiðasvæðum, sem lægju utan við þau takmörk.

Þegar hjer var komið, leit ekki vénlega út um að samkomulag fengist um samninga sem settu alþjóðalagaákvæði um breidd landhelginnar. Atkvæði 17 með 3 mílna breidd og 16 á móti 3 mílum, sem var áhugamál stórveldanna að koma fram. Var samt halddið áfram umræðum um ýms atríði í undirnefndunum.

Á fundi 7. apríl í aðalnefndinni var svo kveðið upp úr um að eigi mundu takast neinir fullnaðarsamningar um landhelgina vegna þess að samkomulag moudi ófáanlegt um breidd landhelginnar. Eftir miklar umræður þann dag og næstaðag, varð niðurstaðan sú, að gera ekki nú neinn samning, en að gefa fundinum skýrslu um störf nefndarinnar. Í skýrslu þessa skyldu teknar þær frumvarpsgreinar sem samkomulag hefði orðið um í nefndinni að meiru eða minna leyti, með skýrandi athugasendum svo og tillögur nefndarinnar aðrar. Má sjá þetta alt á meðfylgjandi skýrslu ammarar nefndar: C.D.I.19. (2)

fylgiskjal 3. Report of the second Commission. Lagði nefndin til að þjóðabandalagið hjeldi málínu vakandi, hjeldi sjer í sambandi við stjórnir landanna, og kallaði svo saman nýjan fund er tímabært þætti og hentugt til þess að reyna að fá samþykta samninga um landhelgina, allt bygt á þeim grundvelli sem fenginn væri með störfum nefndarinnar, og greint er nánar í skýrslunni; vísast til hennar.

Auk þess lagði nefndin til að samþyktar yrðu tvær ályktanir, þær er greindar eru á bls. 5 í prentuðu skýrslunni. Var sú síðari runnin frá mjer og mun jeg greina nokkuð frekar frá um hana síðar.

Voru allar tillögur nefndarinnar síðar samþyktar á almennum fundi laugardaginn 12. p.m.

Niðurstaðan um landhelgina varð þannig eigi sú að samningur (convention) yrði gerður, er setti alþjóðalöggjöf um landhelgina, eins og áformad hafði verið, Sjeð frá því sjónarmiði varð niðurstaðan þannig neikvæð. Árangur varð þó að ýmsu á þessu sviði. Skal jeg leitast við að gera nokkuð nánari grein fyrir því í sem fæstum orðum.

Eins og fyr segir var petta fyrsti alþjóðafundurinn til þess að reyna að fá skipað alþjóðalöggjöf um þau efni, sem fyrir fundinum lágu. Mátti því gera ráð fyrir því fyrirfram að vafasamt yrði, hvort þessi fyrsta tilraun tækist. Hinsvegar ekki ósennilegt að tilraunir í sömu átt síðar megi takast, þótt fyrsta tilraunin mishepnist. Um það eru ýms dæmi um alþjóðasamninga um hagsmunatriði sem margar þjóðir varða, að þótt fyrsta tilraun hafi mishepnast hefir næsta tilraun, eftir hæfilegan tíma hepnast.

Um landhelgismálið gerðu fundarmenn sjer yfirleitt vonir um að næsta tilraun gæti tekist - sumir voru jafnvel svo bjartsýnir að þeir hjeldu að ef tími hefði verið til að halda áfram fundinum í mánuð í viðbót, hefðu samningar tekist. Jeg tel það vafamál. Þessar vonir leiðdu til þess að fundurinn samþykти:

að biðja þjóðabandalagsráðið að tilkynna stjórnnum ríkjanna greinar þær, er bráðabirgðasamkomulag fjekst um, í því skyni að þær gætu orðið liður í almennum alþjóðasamningum um landhelgina.

að biðja þjóðabandalagsráðið að fara fram á það við ríkis-
stjórnirnar að halda áfram athugunum um ákvörðun breiddar land-
helgisbeltisins á grundvelli peim, sem framkallast hafði við
störf nefndarinnar í því skýrni að reyna að finna ráð til samkomulags.

að mæla með því við þjóðabandalagsráðið að kvatt yrði eins
fljótt og hentugt þætti til annars fundar í því skyni að reyna að
koma á almennum alþjóðasamningi um landhelgina með sem fylstum
ákvæðum eða að nokkru æyti.

Eins og greinarnar 1-13 á bls. 6-10 í skýrslunni á fylgi-
skjali 3 bera með sjer fjekst bráðabirgðasamkomulag um þessi atriði:

1. Rjettur ríkis yfir landhelgisbelti sínu er fullveldisrjettur eins
og yfir landssvæðinu sjálfu með eðlilegum undanpágum að alþjóða-
rjetti. Hann nær einnig til loftsins yfir beltinu og sjávar-
botnsins undir (1. og 2. gr.).
2. Hvað skuli / skoðast ósaknæmur umferðarþettur um landhelgis-
svæðið. Hvenær skuli heimilt að hefta og handsama erlend skip og
erlenda þegna í landhelgi. Hvenær skuli heimilt að taka skip utan
landhelgi sem staðin hafa verið / grunuð um brot innan landhelgi
ef þau eru elt in continenti (3-11.gr.). Um umferð herskipa um
landhelgina (12.-13. gr.).

Rædd voru og orðuð; án þess að samkomulag yrði þessi atriði:

1. Grundvallarlínur sem landhelgi væri að reikna frá til sjávar
(sjá bls. 11 í skýrslunni).
2. Hvernig reikna væri landhelgina fyrir frá "bugtir" og hafnir,
(sjá bls. 11-12. í skýrslunni).
3. Um akkerislegupláss.
4. Um eyjar (bls. 13)
5. Um sund (bls. 13-14)
6. Um árósa (bls. 14).

Nokkur þessara atriða geta snert sjerstaklega hagsmuni
Íslands. Reyndi jeg þar að gæta þeirra hagsmuna eftir megni og
tókst að hafa þar nokkur áhrif.

Skal jeg taka tvö dæmi:

ll. gr. (á bls. 9-10 í skýrslunni) er um heimild til að elta skip út fyrir landhelgina. Eins og greinin var orðuð í uppástungunni í brúnu bókinni, Bases of discussion, sjá bls. 96, var eðli-legast að skilja hana svo að löggæsluskip mætti því aðeins taka skip, sem eit véri, utan landhelgi að bæði löggæsluskípið og seka skipið væru innan landhelgi er eltingarleikurinn byrjaði. Í með-ferðinni tók grein þessi ýmsar myndir, sem voru síðar en svo til bóta, sjeð frá hagsmunasjónarmiði voru. Niðurstaðan varð þó sú að löggæsluskipið mætti vera utan landhelgi. Ær petta nánar skýrt í athugasemdunum á bls. 10. Má par sjá að reglán hefir sjerstaklega verið athuguð um fiskveiðaskip. Því nægilegt að bátar frá skipinu sjeu við veiðar innan landhelgi þótt skipið sjálft sje fyrir utan. Sumir vildu gera að skilyrði í þessu falli, að brotlega skipið hefði sjeð eða heyrt stöðvunarmerki. Þessu tókst að fá breytt þannig, að næg væri að gæsluskipið hefði staðreynt að brotlega skipið hefir verið innan landhelgi.

Hitt dæmið er um "Bughtir" (sjá athugasemd á bls. 11-12 í skýrslunni). Miklar umræður urðu um það, hverskonar vik inn í strund-lengjuna bæri að skoda sem "bugtir". Bretar og aðrir vildu gera þessar bugtir sem stærstar, helst aðeins viðurkenna greinilega firdi og flóa sem gefandi heimild til þess að draga 10 mílna grundvallarlínu fyrir framan. Slíkt er gagnstætt því, sem vjer höfum tíðkað og gagnstætt því sem gert er með landhelgislínu þeirra, er íslenska stjórnin hefir nú löghelgað. Vánn jeg því sem jeg gat á móti þessu. Frá Bandaríkjum Norður-Ameríku kom uppástunga um aðferð til að skilgreina bugtir sem hefði komið mjög í bága við vota aðferð. Önnur kom frá Frökkum, sem hefði verið oss hagstæðari, en kom þó í bága við vota aðferð. Sjá um þessar uppástungur á bls. 12 í skýrslunni. Lá við að Bandaríkjauppástungan yrði samþykt og mikill meiri hluti virtist vera í undirnefndinni fyrir uppástungu Trakka að minsta kosti. Tókst mjer að fá afstýrt samþykt þessara uppástungna, en í stað þess samþykt að fleiri aðferðir skyldu athugaðar. (sjá bls. 12 í skýrslunni.)

Skal jeg svo eigi orðlengja frekar um þessi atriði en snúa mjer að ályktun þeirri, sem samþykt var að undirlagi mínu (sjá bls. 5 í skýrsluníni neðst og bls. 17, III, í meðfylgjandi "Final act", C.D.I, 29 fylgiskjal 5).

Eins og kunnugt er samþykti á Alþingi 10. maí 1926 þings-ályktun um rýmkun landhelginnar, þar sem skorad er á ríkisstjórnina að gera hinar ítrустu tilraunir til þess að fá samningum við Stóra-Bretland um landhelgi Íslands breytt á þá leið að hún sje færð út þann veg, að innan hennar verði allir firðir og flóar og helstu bátamið. Jeg hafði kynt mjer rækilega umræður um þingsályktunartillögu þessa á þinginu 1926. Ennfremur hafði jeg átt viðtöl og brjefaskifti við íslensku stjórnina um mál þetta, sömuleiðis við professor Johs. Schmidt í sambandi við rannsóknir hans og dr. Bjarna Sæmundssonar um fiskmergð utan og innan landhelgi. Á grundvelli þessarar vitneskju og þekkingar minnar á málinu hugði jeg að reyna að koma þessu áhugamáli Íslands eitthvað á framfæri við þetta tækifæri.

Er jeg þreifaði fyrir mjer var sem fastur veggur fyrir um alt það, er snerti að auka landhelgina umfram þau takmörk, sem samþykt kynnu að verða, 3 eða 4 sjómílna belti, breiðara belti var frá byrjun óhugsanlegt að yrði samþykt. (Eins og fyr segir varð ekkert samkomulag um breiddina). Eftir jeg hafði fullvissað mig um að slík tillaga sem þingsályktunin ræðir um, yrði feld, sennilega ned öllum atkvæðum nema mínu, ^{og} að slík mishepnud tilraun mændi geta spilt fyrir greindu áhugamáli voru á þessum vettvangi um ófyrirsjáanlega framtíð, sneri jeg mjer að því að reyna að finna aðrar leiðir til þess að smeigja inn þessu málum.

Átti jeg viðræður við Harald Scamenius sendiherra í Haag og ýmsa fleiri sem vildu styðja viðleitni mína þ.á.m. fulltrúa Nordmanna, dr. Ræstad, fulltrúa Portúgals, dr. Magalhæs (sem var einn af þeim, sem sátu í undirbúningsnefndinni undir fundinn) o.fl. Reyndust ýmsir ljón að leiðinni. Aðalljónið var, auk aður greindrar mótspryrnu um svo mikla landhelgisrýmkun, það að undirbúningsnefndin hafði vísað á bug sem ótímabæru atriði, að setja lagareglur um friðun fiskjar og annara

sjávardýra í höfunum. Niðurstaðan varð sú að jeg bar fram tillögu þá með ástæðum (Conf. C.D.I, Committee: Territorial Waters /24), sem hjer með fylgir (fylgiskjal 4). Eins og tillagan ber með sjer er hún stýfd og lögud með því áformi að hún næði fram að ganga þannig, að þetta áhugamál okkar kæmi fæti inn fyrir dyrnar á dagskrá þjóðabandalagsins. Reyndi jeg nú, með viðtölum við sem flesta fulltrúa að vinna tillöggunni fylgi. Þó hún kom til umræðu, kom breytingartillaga frá Portugal sem fór að sumu leyti skemra en að sumu leyti lengra. Eftir talsverðar umræður í undirnefnd þeirri, sem jeg sat í, fóru svo leikar, ~~sum~~part fyrir klaufaskap formanns nefndarinnar, að báðar tillögurnar voru samþyktar. Vard úr þessu klúður og mátti búast við að báðar fjellu á almennum fundi. Var nú reynt samkomulag. Vard svo samkomulag með milliegöngu fulltrúa Belgíu de Ruelle um orðun þá sem sjá má á bls. 5 í skýrslu 2. nefndar fylgiskjal 3 og bls. 17 í "Final Act" fylgiskjal 6.

Var tillaga þessi svo samþykkt fyrst í nefndinni í einu hljóði og síðan á almennum fundi 12. p.m. einnig í einu hljóði, sjá meðfylgjandi bráðabirgðaskýrslu um 8. fund 12. apríl Kl. 10,30 (Conf.C.D.I/C.R.8., bls. 12, fylgiskjal 5). Er tillagan þannig lauslega þýdd á íslensku:

"Fundurinn,

tekur til greina hve mikilsvarðandi fiskveiðarnar eru fyrir viss lönd;

Viðurkennir enn fremur að verndun ýmsra afurða sjávarins verður að koma í framkvæmd ekki eingöngu innan landhelgi heldur og utan landhelgi;

Og að fundurinn hefir eigi umboð til þess að fást við þessi efni nje til þess að taka fram fyrir hendur um lausn þeirra.

Athugar einnig að skref hafa verið gerð í pessa átt af vissum deildum þjóðabandalagsins,

Óskar að undirstrýka hve áríðandi er sú vinna sem þegar er hafin eða síðar kann að verða komið í framkvæmd um þessi efni, annaðhvort með vísindalegum rannsóknunum eða verklegum frankvæmdum í þá átt að vernda fiskveiðar og um samvinnu sem talin verður nauðsynleg til þess að varðveita ^þauðfi (sjávarins) sem er sameiginleg arfleifð".

Það leynist ekki að ályktun þessi er orðuð talsvert "á skrúfum" og virðist í fljótu bragði fremur innviðafrýr. Slíkt er oft um ályktanir á slínum alþjóðafundum er þarf að fá fulltrúa úr ýmsum löndum til þess að renna niður. En það sem unnið á að vera er það, að með þessari ályktun þessa fyrsta fundar, gerðri í einu hljóði, er málid um friðun fisksvæða, þótt sjeu utanvið gildandi landhelgismörk, komið endanlega og óafturkallanlega inn á dagskrá þjóðabandalagsins. Af því leiðir m.a. að ekki verður hjá því komist að taka mál petta á dagskrá á næsta alþjóðafundi um þessi efni, máske fyr. Þannig litu flestir eða allir, frá ýmsum löndum, sem jeg talaði við um petta, á málid, og jeg fjekk ýmsar hamingju-óskir með niðurstöðuna - svo rýr sem hún virðist vera fljótt állitið.

Jeg átti nokkra samvinnu við fulltrúa Dana í landhelgis-nefndinni, Lorck kommandör. Var hann jafnan reiðubúinn að styðja mig ef á þurfti að halda.

----- ooOoo -----

Eins og fyr segir starfaði jeg nær eingöngu að landhelgis-málinu, enda var nær enginn tími aðgangs. Fylgdist jeg því eigi nákvæmlega með daglegum stöffum hinna nefndanna og tók ekki þátt í þeim störfum að jafnaði. Læt þegmjer því nægja að skyra frá niðurstöðum þessara nefnda.

Nefndin um skaðabótaskyldu ríkja gat eigi komist að samkomulagi um neitt, gerði því engar tillögur til fundarins og var ekkert samþykkt um það efni. Málid var rett mikil í nefndinni, á fundum og utan funda en skoðanir svo skiftar um ýms grundvallaratriði að ókleyft reyndist samkomulag. Voru það aðallega ríkin sunnarlega í Europu og Ameríku, sem voru í andstöðu við þá sem vildu viðurkenna skaðabótaskylðu ríkja í verulegum atríðum, en það voru flest stórveldin og minni ríkin í Nordur- og Vestureuropu.

Um Ríkisborgararjett tókst að fá samþykkt.

1. samning um viss atríði viðvíkjandi ríkisborgararjetti, sem fylgir hér með (fylgiskjal 7).

2. Protocol um ríkisþausa (fylgiskjal 8),
3. Protocol um sjerstakt ríkisleysisfyrbrigði (fylgiskjal 9).
4. Protocol um hervarnarskyldu undir sjerstökum kringumstæðum (fylgiskjal 10).

Um störf þessarar nefndar fylgir hjer með skýrsla C.D.I.
21 (1) (fylgiskjal 11).

Eins og sjá má af plöggum þessum, sem jeg vísa til að öðru leyti, er það, sem aðgreitt var ekki mjög viðamikið. Híð eina sem samkomulag náðist svo mikið að fengi 2/3 hluta atkvæða eins og tilskilið var í fundarsköpun fundarins var samningurinn (fylgiskjal 7).

Auk þess voru samþyktar samkvæmt tillögum þessarar nefndar ýmsar ályktanir, 8 alls. Má sjá þær í "Final Act" (fylgiskjal 6), bls. 14-15. Vísast til þess.

----- " -----

Eg undirskrifa átti, á lokafundinum 12. þ.m. að kvöldi, ákvæð jeg að undirskrifa engan greindra þriggja protocols. Samninginn undirskrifadí jeg, en með forordinu "Ad referendum". Af þeim sem fylgst höfðu með störfum nefndarinnar var mjer sagt, að sennilega væri óhætt að undirskrifa samninginn, í honum væri varla annað en það, sem flestir gætu undirskrifad. Þó undirskrifuðu Bandaríki Norður-Ameríku ekki samninginn. En vegna þess að mjer fanst jeg ekki hafa haft tækifæri til þess að fylgjast svo vel með að jeg gæti af eigin þekkingu undirskrifad með góðri samvisku skilyrðalaust, tók jeg þann kostinn að undirskrifa "ad referendum". Að vísu er samningurinn ekki bindandi fyr en Alþingi hefir fullgilt hann. En ef undirskrifad er skilyrðislaust það liggja nokkuð meiri síðferðiskvöð á löggjafarpinginu um fullgildingu. Nú getur íslenska stjórnin kynt sjer samninginn ítarlega og síðan ákveðið, hvort hún vill ganga að honum. Ef hún gerir það kemur svo þar á eftir til Alþingis að fullgilda.

/ Svonefndir "protocols" voru samþyktir með einföldum meiri hluta. Eru þeir um efni, sem sumar þjóðir geta varðað en ekki allar. T.d. viðkemur efnið í protocol um hervarnarskyldu oss alls eigi.

Mæli jeg með því að stjórnin staðfesti undirskrift mína ef ekkert þykir varhugavert, er stjórnin hefir kynt sjer efni samningsins í samráði við fræðimenn utanríkismáðuneytisins hjer og fræðimenn heima.

Loks voru samþyktar á almennum fundi 12. p.m. 4 ályktanir sem sjá má í "Final Act" (fylgiskjal 6) bls. 18.

Er fyrsta ályktunin um að mæla með því að ríkin taki tillit til niðurstöðu fundarins um ýms atríði við samningsgerðir um þau efni framvegis.

Önnur ályktunin um að halddið verði áfram vísindalegri starfsemi að ýmsum þjóðarjettarákvæðum til undirbúnings síðari fundum.

Priðja ályktunin mælir með samvinnu milli þjóðabandalagsins og funda amerísku ríkjanna á þessu sviði.

Fjórða mælir með ýmsum ráðstöfunum til undirbúnings næsta fundar um að koma alþjóðalöggjöfinni í kerfi.

"Final Act", en í honum er m.a. framangreind ályktun um verndun fiskveiðanna, undirskrifadaði jeg ámnokkurðs sjerstaks forordðs eða skilyrðis.

Ef litid er á heildarárangurinn af fundi þessum mun eftirtekjan þykja fremur rýr, eftir því sem til var stofnað: Um skaðasætur ekkert samkomulag. Um landhelgi enginn fullnaðarsamningur. Um ríkisborgararjett samningur um fáein atríði. Eftir allan undirbúning og annan viðbúnað, sem m.a. hefir kostað stórfje, má segja að ef dæma á fundinn eingöngu eftir þessum niðurstöðum verður útkoman ljøleg.

En slíkur dómur er varla sanngjarn.

Fyrst er á það að líta, að með öllum undirbúningnum hefir safnast efniviður í alþjóðalöggjöf um viðfangsefni þrjú, sem hefir verið komið vel í kerfi í brúnu bókunum þrem. Auk stuðnings þess,

sem fundurinn hafði af þessum gögnum, munu þau reynast nothæfar handbækur fyrir vísindamenn æg alþjóðadómstóla til upplýsingar um þjóðarjett á þessum sviðum.

Í öðru lagi hefir við umræðurnar á fundinum margt skírst sem áður var óskírar um þessi efni. Þegar fundargerðirnar liggja fyrir eftir að frá þeim þefir verið gengið að fullu, verða þær einnig gott heimildarrit á sama hátt sem brúnu bækurnar.

Í þriðja lagi virðist, oggum það kom flestum fundarmönnum saman, hafa unnist það mikið, að ólíkt aðgengilegra verður að taka mál þessi til umræðu á næsta fundi um þessi efni, með von um jákvæðan árangur. Á grundvelli þess sem nú hefir verið upplýst, rætt og skírt á fundinum, má undirbúa svo næsta fund, að sennilegt er að á honum megi fá samþykta alþjóðalöggjöf um þessi efni - að meiru eða minna leyti. Eins og jeg hefi vikið að hjer að framan, er reynsla fyrir því, að þótt mistakist að koma á samkomulagi um alþjóðahagsmunamál við fyrstu tilraun, getur það vel tekist er næst er reynt, eftir hæfilegt árabil. Ráðgert var að næsti fundur yrði eftir t.d. 5 ár, en um það þó auðvitað ekkert fastákvæðið.

Af þeirri litlu reynslu, sem jeg hefi fengið á þessum fundi, er það álit mitt, að varhugavert sje fyrir ísland að sitja hjá slíkum fundum ef rætt er um svo mikið hagsmunamál, sem t.d. landhelgin er fyrir oss. Því tækifæri gefst bæði til þess að koma að ákvæðum, sem oss geta orðið mikilsvaraðandi og - eigi síður - að afstýrá samþykta sem sjeu gagnstæðar hagsmunum vorum, en vjer verðum að hlýta í framtíðinni ef alþjóðalög verða.

(Reikningur um kostnað við ferð mína og dvöl í Haag fylgir hjer með.)

Með sjerstakri virðingu.

sign. Sveinn Björnsson.

Prumvarp til laga

Yffirfond og sp. á
frundi 2.jún 1926.

Breyt. tillögur örkuð, af
nokkrum eru

Hanns Jónasson

om hainikið fyrir veðdeild Landsbankans í-
lands til að gefa út ný bankavaxtabrjef.

1. GR.

Veðdeild Landsbankans skal vera heimilt
að gefa út bankavaxtabrjef, alt að 8 miljónum
króna og má skifta þeim í flokki. Fjármálaráð-
herra ákveður hvenær hverjum flokki skuli lokis-
er stjórn Landsbankans hafi gert tillögur um
það. Fyrstu fjoður árin, eftir að flokkur er
settur á stofn, í fyrsta sinn sunkvæmt lögum
þessum, veitist tillag til hans úr ríkissjóði
8000 kr. á ári. Af þessum 8000 mkr. skal árlega
verja 3000 kr. til þess að auglýsa bankavax-
ta-
brjefin

2. gr.

Veðdeildin gefur út skuldabréf, er hljóða
á handhafa (bankavaxtabréf), en nafnakrá má þau
í bókum bankans. Stjórn Landsbankans kveður á
um lögum, útlit og fjárhæð bankavaxtabréfanna.
Fjármálaráðherra og bankastjórar Landsbankans
undirskrifna bankavaxtabréfina.

Aldrei má gefa meira út af bankavaxta-
bréfum, en nemur fjárhæð þeirri, er veðdeildin
á í veðskuldabréfum.

3. gr.

Auk veðskuldabréfja þeirra, sem veðdeildin
fur frá lántakennum, skal trygging fyrir veð-
deildinni vera:

1. Varasjóður veðdeildarinnar.
2. Ábyrgð landssjóðs.

Ef taka þarf til trygginganna 1.2., skal
gezapað í þeirri röð, sem að ofan er greint.

4.gr.

f reglugjörð fyrir hvern flokk er banka-

stjórnin seður og ráðherra stólfestir, skal ákveðið, hversu háum vöxtum skuli svarað af bankastvartabréfjefunum og hvor þeir skuli greiðast, svo og hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra.

Vaxtaníðar, sem komnir eru í gjalddaga, skulu gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum til ríkissjóðs, og skulu gjaldheimtunum ríkissjóðs innleyssa þá, ef þeir hafa fje fyrir, hendi, er greiðast á í ríkissjóð.

5. gr.

Væðdeildin er undanþegin öllum tekjuskatti útavari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum. Svo á hún rjett til að fá ókeypis eigna- og veðbókarvötterö, til afnota fyrir sjálfa sig.

6. gr.

Ejo væðdeildarinnar má lána gegn veði í jarðeignum, erfðafestulöndum og húseignum með lóð í kaupstöðum og veralunars töðum, en gegn veði í húseignum því að eins að þær ejeu váttrygðar í váttryggingsarstofnum, er bankastjórnin tekur góða og gilda.

Brafnfremur er heimilt að veita lán bajor-sýslu- og sveitarfjelögum.

Lánsupphæðin má ekki fara fram úr 3/5 af virðingarverði fasteignarinnar.

7. gr.

Eignir þar, sem væðdeildin tekur að veði skal á kostnað lánpoga virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugjörð fyrir væðdeildina. Í reglugjörðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Landisbankans megi nefna til þá með, er virða skuli veðin, og að hreppunenfindi óða bajorstjórn, sú er í hlut á, samþykki virðinguuna. Svo skal lántakandi, að minsta kosti á

lverjum 5 ára fresti, meðan lánið stendur, sýna skirteini sem bankastjórnin tekur gild fyrir því að veðið hefi eigi rýnat í verði, svo að veðdeildinflöknum geti verið nein hætta búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda bankastjórn Landsbankans petta skirteini, má etjórn bankans láta skoðunargjörð af innanljjerabúnonnum fram fara á kostnað lántakanda.

8. gr.

Eigi má lána nema gegn 1. veðrjetti. Minsta lán sem veðdeildin veitir, skal vera 300 kr. og skulu lán jafnan standa á hundraði króna.

Lántíminn má vera alt að 40 árum, sje veðið jarðeign eða vandað steinatöpuhús eða steinhús, og alt að 30 árum, sje veðið vandað timburhús. Sje lánið þejarlán, sjóslulán, eða sveitarlán, skal því lokit á eigi lengri tima en 40 árum.

9. gr.

Lán þau, sem veðdeildin veitir, má hún greiða í bankavaxtabrjefum sínum eftir ákvæðisverði þeirra, en lánpagi hefir rjett til að heimta að bankastjórnin umist um að koma bankavaxtabrjefunum í gjaldgengja peninga endurgjaldslaust, ef þess er kostur, en borga verður hann kostnað þann, sem af því leitir og verlfall.

Veðdeildin hefir þó jafnan tjett til að greiða lánan í peningum með þeirri upphafi, sem hún getur fengið fyrir þau, að frádregnum óllum kostnaði. Semja má um sölubankavaxtabrjefa deildarinnar fyrir fram í sínu eða færiru lagi enda samþyldki fjármálaráðherrann söluverði.

10. gr.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphafiinni í varasjóð deildarinnar um leið og

hann tekur lánis.

Heimilt er veðdeildinni við hver eigenda-skifti að heimta lánis borgað aftrur að óllu óða nekkru leyti.

Vorti eigendaskifti að fosteign, sem veð-sett er veðdeildinni, skal kaupandi þegar umlað og kaupin gerast, tilkynna veðdeildinni eigenda-skiftin.

ll. gr.

Vilji nýr kaupandi taka að ejer lán til veðdeildaðarinnar, skal hann leita samþykkis Landsbankastjórnarinnar um það. Samþykki hún, að hann nýj kaupandi taki lánis að ejer, skal hann innan 6 mánaða frá kaupdegi sanna eignarrjett sinn fyrir bankastjórninni og taka lánis að ejer.

12. gr.

Lánum þeim, sem veðdeildin veitir, má hún ekki segja upp, meðan lánpogi gegnir að óllu leyti skyldum þeim, sem hann hafir undirgengist. Það ef ákrabingjöld hans verba eigi greind á xjettum gjaldðaga, óða veðið gengur svo úr ejer, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, óða haldi skuldunautar ekki vítrygðum búseignum, er að veði eru, og talin eru með í matinu, óða falli á veðið oftirstöðvar af sköttum óður af-gjaldum, er gagna fyrir kröfum veðdeildaðarinnar óða nýr kaupandi vanrakir að taka lán að ejer, er bankastjórninni heimilt að telja oftirstöðvar lánsins kennar í sjálfdaga undir eins án uppsagnar.

13. gr.

Skuldunautar veðdeildaðarinnar skulu graða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við deildina og til varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð annalei hvern gjaldidaga. Áklegt tillög til að borga kostnað við deildina og til

varanjóðs er 1/2% á ári af upphaf lán einsins, eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Á ákveðnum gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppoagnar, greiða auknaðorganir af skuld sinni þó ekki minna en 100 kr. í einu, eða endurborga hana að öllu ligiti. Gjald þetta má hann greiða með bankavaxtabrjefum veðdeildarinnar eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum tíma árs má og borga lán að fullu ef bankastjórnin samþykkir, þó því að eins, að það sé veðdeildinni að skáðlauma.

14. gr.

Sjerhver skuldenautur, sem hefir eigi innan 1. nóvember borgað árleg gjöld sin, er hann átti að líka á næst undangengum gjalddaga, skal í örættravöxtu af nefndum gjöldum greiða 1 af hundrad fyrir hvern mánuð frá 1. október til borgunardags, og skal þá sé mánuður, sem komið er fram í teljast sem heill.

15. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjunum gjalddaga, skal varð til að innleyssa skuldabréf þau, er veðdeildin hefur gefið út, eftir hlutkesti, sem notaries publicus hefir umsjón með og fram fer í viðurivist treggja manna; annan kveður ráðherra til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefur fram farið, skal auglýsa með 9 mánuða fyrirvara tölurnar á bankavaxtabrjefum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjunum kjalddaga þau verði útborgub. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugjörð veðdeildaðinnar. Bankinn má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er óður segir, innleyssa bankavaxtabrjef i stærri stíli.

16. gr.

Nigendur bankavaxtabrjefi þeirra, er innleyza skal, geta gagn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstóli þeirra á Ákvæðnum gjalddaga, og er eigi skyld að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því. Samt rjett hafahandhafar brjefanna þótt eigi ajeu eigendur.

17. gr.

Höfuðstóll og vaxtafje, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð veðdeildarinnar, sjo þess eigi vitjab innan 20 ára fyrí gjalddaga.

18. gr.

Nú glatast bankavaxtabrjef, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallat handhafa brjef eins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sje prisvar sinnum samfleyst i blaði því á falandi, er flytur opinberar auglýsingar og í samevarandi auglýsingarblöðum erlendis, þar sem atla má að brjefin ajeu í unferð. Ef enginn gefur sig fram með brjefið í taka til, getur bankastjórnin úteftið handa hinum skráða eigaða þess nýtt bankavaxtabrjef með sama upphaf, sem þau, er glatadist, án þess nokkur annar, er bankavaxtabrjefið kann að hafa verið af salat, geti þau fyrir búið kröfu á hending bankanum.- Um ógilding annara bankavaxtabrjefa fer eftir almennum lögum.

19. gr.

Bankavaxtabrjef þau, er innleyst hafa verit með hlutkasti, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónyta þau undir eins áamt vaxtamiðum og stofnum (talons) þeirra, ða þann hátt, að þau

máð því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárháslu deildarinnar, og skal svo við lok næsta reikningsárs brenna þau í viturvist endurskoðenda ósamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verit þá reikningsár.

20. gr.

Vaxtamiðar og vaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í veðdeildinni í Reykjavík.

Í reglugjörð veðdeildarinnar skal ákvæða á hvorn hátt borga skuli út erlendis vaxtamiða og bankavaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga.

21. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga (sbr. 12. gr.) hefir veðdeildin heimild til að láta seðja veðið við opinbert upphöð, án undanfarandi dóms, sáttareða fjarðana sankvant ákvæðum í tilskipun um fjárforrá ómyndugra, 18. febrúar 1847, 10. gr. eða láti leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þarf er á... Veðdeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hond við upphöði, og skal þa r ekki taka mótmáli skuldumante til greina meða þau eða aðeins auðajáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hegt að stöðva eða ónýta upphöði með neina konar dómastóli.

Veðdeildin hefur aftur á móti ábyrgð á því, að skuldain aðe rxjett og komin í gjalddaga, og skuldumant er frjálist að höfða mál til endursjalds á öllu því, er hann hefur skráast á upphöðinu, og öllum málkostnabi að skálausu. Veðdeildin getur laglega samið svo um við skuldumannu sína, að upphöð að veðsettum fasteignum þeigí fram fara á skrifstofu upphöðshaldara.

22. gr.

Fjó ómyndugra manna og opinberra stofnana

og sjóða, þar á meðal viðlagusjóða, má verja sér kaupa bankavautabréf veðdeildarinnar, en þó eigi herra verði en skráðu gengisverði og alþreiður innra en ákvæðisverði þeirra er.

23. gr.

Varasjóður flokksins renni óskiftur til næsta flokks veðdeildarinnar verði hann sameiginlegur fyrir bai- og sveitir eða of eigi verður stofnaður nýr veðdeildarflokkur, þá renni varasjóður til vantanleggar veðlánstofnunar, sem kemur í stað veðdeildarinnar. Verða stofnæir nýir veðdeildarflokkar, er ejeu aðgreindir fyrir bai og sveitir eða verði stofnaðar sjártakar veðlánstofnanir aðgreindar fyrir bai og sveitir skiftist varasjóður milli vantanlegra baya- og sveitaflakka eða vantanlegra sjártakra veðlánstofnana fyrir bai og sveitir, í rjettu hlutfalli eftir því, sem lán þessa flokks skiftast milli baya og sveita.

24. gr.

Veðdeildarinni skal stjórnal af stjórn Landsbankans, og reikningar heimar endurskóðaðir af endurskóðendum þess banka. Fyrir bókfarslu, reikningshald og til annars nauðsynlegs kostnaðar má greiða alt sér 8000 krónur. Til endurskóðenda má verja 300 kr. til hvoro.

Lög þessi ganga í gildi nú þegar.